

Ingibjörg Daniëlsdóttir

*skolamál*

Fundarstjóri ágæta fundarfólk!

Skólakstur hvað eruð þið alltaf að tala um skólaakstur, sjáíð þið ekki hvað þetta er mikill peningur sem fer í þetta af hverju "skutlið" þið ekki bara krökkunum í skólann. Þessi ummæli hafa sjálfsgagt fleiri en ég heyrta að undanförnu. Þetta með að "skutla" börnunum í skólann er ekkert smá mál. Vegalengdir til og frá skóla hjá einstaka barni eru afar misjafnar allt frá því að vera "skutl" og upp í það að vera meiriháttar ferðalag á hverjum degi. Að vísu er ætlast til að börnum sé ekki ekið daglega í skóla ef hann er í yfir 40 km. fjarlægð frá heimili en þessi 40 km. geta oft orðið ansi langir með öllum útúrdúrum eða á 4 vikum rúmlega hringinn í kringum landið. Ekki má gleyma veðrinu, það þarf ekki alltaf að aka 40 km. leið til að lenda í misjöfnu veðri eða ófærð, einnig er mjög misjafnlega háttar viðhaldi vega í dreifbýli. Svo er einn veigamikill þáttur það eru sjálfir skólabílarnir sem er því miður oft á tíðum afar viðkvæmt mál, það eru engar kröfur gerðar til þeirra hvað varðar aðbúnað barna og öryggi. Aftur á móti eru gerðar strangar kröfur um gripaflutningabíla. Á fjárlögum er ætlað til skólaaksturs á landinu öllu 127 millj. þar af fara um 33 millj. til Strætisvagna Reykjavíkur svo ekki fer nú öll þessi upphæð til landsbyggðarinnar eins og mátt hefur skilja af fréttatflutningi nú undanfarið, svo skólaakstur hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál allra barna og foreldra í landinu. Ef hins vegar framlag ríkisins verður fellt niður kemur það afar misjafnt niður á nemendum einstakra skólahverfa.

Við skulum aðeins athuga til hvers skólabílar eru. Í dreyfbýli eru þeir til að koma börnunum í skóla svo þau geti hlotið sína grunn menntun með aðstoð kennara. Við suma þessara skóla er enginn eða mjög ófullkomín aðstaða til íþróttaiðkana, og verða þau þá af slíkri kennslu því ekki eru skólabílar notaðir til að koma börnunum á þá

staði sem aðstaða er fyrir hendi enda yrði það ekkert smáraðis "skutl".

Hins vegar er ég sannfærð um að spara megi í skólaakstri þó þannig að það bitni ekki á börnunum.

1) Við pekkjum dæmi um að börnum sé ekið framhjá einum skóla eins og við pekkjum héðan af Vesturlandi, til að koma þeim í sinn rétta skóla. Þessu ætti að vera hægt að breyta ef vilji er fyrir hendi.

2) Bjóða ætti út skólaakstur þannig að gerðar yrðu kröfur um búnað skólabíla og bjóða þá út hverja akstursleið innan hvers skólahverfis þannig að leið barnanna yrði ávallt sem stytgst í skólann. Það má geta þess að jeppataxti skólabíla í dag er 34,40 á km. Ef framlög ríkisins verða afnumin má búast við hruni í skólamálum í dreifbýli. Það er nefnilega þannig að fræðsluskyldu er framfylgt með skólastkyldu, sem sagt lögboðin.

Kostnaður einstakra sveitarfélaga vegna sameiginlegs skólahalds er mjög hár í hlutfalli við tekjur og í mörgum tilfellum hrökkva útsvarstekjur ekki til og geta jafnvel numið tvöföldum útsvarstekjum svo hver hlýtur að sjá að lítið verður þá afgangs til annarra hluta í rekstri sveitarfélaganna. Möguleikar einstakra sveitarfélaga til öflunar tekna eru mjög misjafnar fer það mest eftir samsetningu og staðsetningu. Til þessa hafa sveitarfélög fengið úthlutað úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Nú er hins vegar boðað í nýútkomnu fjárlagafrumvarpi niðurskurður um 130 millj. til sjóðsins, hins vegar helst þessi upphæð ef framlög til skólaaksturs verða felld niður. Svo eftir sem áður standa sveitarfélögin frammi fyrir miklum vanda.

En af hverju þessar löngu keyrslur? Kringum 1960 var mikil uppbygging í heimavistarskólum og hver heimavistarskólinn reis á fætur örðum sem ætlaðir eru 6-14 ára börnum, þau börn sem fædd eru seitn á árinu eru þó aðeins 5 ára. Er þá ekki alveg tilvalið að taka upp heimavist aftur. - Ég held að allflestir þeir sem reynt hafa bæði, annað hvort með sín eigin börn eða af eigin reynslu kjósi heldur heimanaðakstur.

Að byrja í skóla fyrir barn er mikil breyting hvað þá

að þurfa að standa á eigin fótum í nýju umhverfi fjarri foreldrum.

Hver á þá að þerra tárin? Kannski fóstran þar sem hún er. Hver á að leysa úr vandamálum sem hlaðast upp í huga og hjarta barnsins. - Er nokkur betur til þess fallinn en foreldrar.

Það hlýtur að vera krafa bæði foreldra og barna að eiga sameiginlegt heimili, en ekki að hittast sem gestir 8-9 mánuði á ári frá 6 ára aldri. Það er oft verið að vorkenna lyklabörnum, þeim er vissulega vorkunn en þau hafa þó lykil að sínu heimili. Það má vera ansi aumt heimili sem ekki er betra en stofnun. Grunnskólalögin miðast of mikið við þarfir péttbýlisins. Má þar nefna að viðverutími barna í skóla miðast við vinnuannir foreldra. Það hlýtur að vera krafa foreldra í hinum dreifðu byggðum landsins að hafa áhrif á framkvæmd grunnskólalaganna í einstaka skólahverfi. (Það ætti að vera auðveldara að aðstoða 8-12 börn en allt að 30 börn í sama bekk). Með því að fella niður greiðslur til skólaaksturs er stórlega verið að mismuna nemendum eftir búsetu. Ég trúi því ekki að það sér raunveruleg stefna menntamálaráðherra sem er þó í framboði fyrir landsbyggðina.

Góðir fundargestir með þessum orðum vil ég hvetja alla til að standa saman um menntun æsku þessa lands og sjálfssagðan rétt barna til að búa í foreldrahúsum á viðkvæmasta aldursskeiði lífsins.